

Erna Aradóttir
17. júníorg. 1.
210 Garðabæ.

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.10.19
Málalýðill	00.10.1
Mál nr.	1910375

Garðabæ 28. október 2019

Bæjarstjórn Garðabæjar
b.t. Hr. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóri
Garðatorgi,
Garðabæ.

Málefni: Styrkur til Garðakórsins, kórs eldri borgara í Garðabæ.

F.h.félaga í Garðakórnum, kór eldri borgara í Garðabæ vil ég þakka fyrir fjárhagslegan stuðning sem okkur var veittur á síðastliðnu ári. Nú er hafið nýtt starfsár og fer Garðakórinn þess á leit við bæjarstjórn Garðabæjar að hún hlutist til um að kórinn fái styrk frá Garðabæ til að standa straum af útgjöldum vegna kórstarfsins, svo sem vegna kórstjóra, undirleikara o.fl., sem óhjákvæmilega fylgir starfsemi sem þessari. Fyrir starfsárið 2020 mun kostnaður nema um Kr 500.000,-

Vorið 2020 í maí heldur Garðakórinn upp á 20 ára starfsafmæli sitt.

Vetrarstarfið hófst 5. september s.l. og er æft alla fimmtudaga kl 16 til 18 í Vídalinskirkju, en þar hefur kórinn haft æfingaaðstöðu frá stofnun, notið velvildar kirkjunnar og sungið reglulega við athafnir. Efnisskrá kórsins er mjög fjölbreytt. Byrjað verður að æfa fyrir hátíðatónleika vorsins straks í haust, síðan tekur við að undirbúa aðventu og jólatónleika og eftir áramót verður krafturinn lagður í aundirbúning hátíðatónleikanna með hljóðfærleikurum og vorferðar, en vorferðir eru fastir liðir í starfi kórsins. Að þessu sinni er gert ráð fyrir lengri ferð en seinustu ár í tilefni 20 ára afmælisins.

Annar fastur liður í starfi Garðakórsins er heimókn á hjúkrunarheimili aldraðra, t.d. Ísafold, og söngur á hátíðum fyrir aldraða í Jónshúsi Garðabæ.

Vonast kórinn til að bæjarstjórn Garðabæjar taki vel í þessa málaleitan.

Með vinsemd,



Erna Aradóttir
formaður.

